

AUGLÝSING um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Minjasafns Egils Ólafssonar.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð þann 4. október 2013 stofnskrá Minjasafns Egils Ólafssonar.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Reykjavík, 25. júní 2015.

F.h. safnaráðs,

Ágústa Kristófersdóttir framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal.

STOFNSKRÁ Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti.

1. gr.

Safnið heitir Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti. Lögheimili safnsins er að Hnjóti, Örlygs-höfn, Patreksfirði. Stofndagur safnsins er 22. júní 1983.

2. gr.

Safnið starfar samkvæmt gildandi safnalögum á hverjum tíma, nú safnalögum nr. 141/2011, og síðareglum Alþjóðaráðs safna, ICOM (International Council of Museums).

3. gr.

Aðalstarfsstöð safnsins skal vera innan sveitarfélöganna Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps. Heimilt er að vera með starfsstöðvar á fleiri stöðum. Heimilt er að varðveita safnmuni og aðrar minjar utan veggja safnsins gefist ekki kostur á að varðveita slíka muni á safninu eða betur fari á því að varðveita þá annars staðar. Ráðstöfun og meðferð slíkra muna sem og annarra eigna safnsins skal bundin ákvörðun stjórnar safnsins í samráði við safnstjóra. Heimilt er að hafa sýningar með hluta safnmunanna utan safnsins hluta úr ári, en slíkt skal bundið ákvörðun safnstjórnar í samráði við safnstjóra.

4. gr.

Umdæmi og starfssvæði safnsins er Vestur-Barðastrandarsýsla. Safnið er sjálfstæð stofnun í eigu sveitarfélöganna Vesturbyggðar að 75% og Tálknafjarðarhrepps að 25%. Eignarhlutfall milli eigenda tekur mið af fjölda íbúa í báðum sveitarfélögum miðað við 1. janúar ár hvert. Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps fer með eignarráð þess í umboði sveitarfélöganna.

5. gr.

Hlutverk safnsins er varðveisla og söfnun (þjóðlegra og menningarsögulegra) muna og heimilda. Safnið skal vinna eftir söfnunarstefnu sem samþykkt skal af stjórn safnsins. Söfnunarstefnuna skal endurskoða á fjögurra ára fresti. Safnið skal skrásetja, merkja, varðveita, forverja, rannsaka og kynna menningarsögulega muni og heimildir úr Barðastrandarsýslu.

6. gr.

Starfsemi safnsins felur m.a. í sér eftirfarandi:

Söfnun, móttöku og frumskráningu muna í aðfangabækur.

Tölvuskráningu safnmuna í viðurkenndan gagnagrunn.

Varðveislu, forvörslu og viðgerðir.

Miðlun, hönnun og uppsetningu sýninga.

Móttöku og leiðsögn gesta.

Heimildaöflun, rannsóknir á safnmunum og sögu þeirra.

Gerð kynningararefnis (bæklingar-heimasíða-margmiðlun).

Viðhald safnhúsa.

Fjármögnun rekstrar og nýframkvæmda.

Safnið er opið almenningi, ferðahópum og skólahópum 3-5 mánuði á ári. Og eftir samkomulagi utan þess tíma.

Safnið starfar eftir starfsáætlun til 4 ára í senn.

Safnið starfar eftir söfnunarstefnu.

7. gr.

Safnið er sjálfstæð stofnun með eigin fjárhag sem skal standa undir rekstri þess. Safnið er fjárhagslega og faglega sjálfstæð stofnun undir stjórn safnstjórnar og safnstjóra. Arður af starfsemi safnsins skal ganga til uppbyggingar safnsins sjálfs. Eigendur safnsins, sveitarfélög Vesturbýggð og Tálknafjarðarhreppur skulu standa straum af kostnaði við rekstur safnsins með árlegum framlögum til safnsins og þannig tryggja eðlilega starfsemi þess.

8. gr.

Forstöðumaður/safnstjóri starfar í umboði stjórnar safnsins (samráðsnefndar Vesturbýggðar og Tálknafjarðarhrepps) og ber ábyrgð á rekstri safnsins gagnvart stjórninni. Forstöðumaður/safnstjóri skal hafa sérfræðimenntun sem nýtist í starfi og er á ábyrgðarsviði safnsins eða hafa aflað sér hlíðstæðrar hæfni á annan hátt. Forstöðumaður/safnstjóri hefur ákvörðunarvald í málefnum safnsins sem snerta daglegan rekstur safnsins, þar með talið fjármálum og starfsmannamálum. Hann ber jafnframt ábyrgð á innra starfi safnsins, s.s. söfnun muna, skráningu, uppröðun og öðrum frágangi, safnvörslu, uppsettingu sýninga, auglýsingar og útgáfustarfsemi hvers konar. Forstöðumaður/safnstjóri vinnur í nánum tengslum við stjórn safnsins að stefnumótun fyrir safnið. Forstöðumaður/safnstjóri skal fylgja siðareglum ICOM. Forstöðumaður skal gegna að minnsta kosti 50% stöðu við safnið.

9. gr.

Stjórn safnsins er skipuð fjórum mönnum úr samráðsnefnd Vesturbýggðar og Tálknafjarðarhrepps auk eins afkomanda Egils Ólafssonar og Ragnheiðar Magnúsdóttur, sem Samráðsnefndin tilnefnir. Verði samráðsnefndin lögð niður skal stjórn safnsins skipuð af sveitarstjórn þess sveitarfélags þar sem safnið er með lögheimili. Stjórn safnsins skiptir með sér verkum. Safnstjórn kemur saman svo oft sem þörf krefur, þó eigi sjaldnar en tvívar á ári. Safnstjórn ræður forstöðumann/safnstjóra. Safnstjórn ber ábyrgð á rekstri safnsins ásamt forstöðumanni/safnstjóra. Hlutverk safnstjórnar er að tryggja: Viðunandi starfsaðstöðu og starfsumhverfi; að safnið starfi að lögum; fjármögnun; stefnumótun; sjálfstæði safnsins; að forstöðumaður/safnstjóri sé faglega ráðinn og uppfylli skyldur sínar og standi undir ábyrgð. Stjórnin skal fylgja siðareglun ICOM. Stjórn ásamt safnstjóra skal sjá um gerð ársreikninga og fjárhagsáætlana.

10. gr.

Komi til þess að safnið verði lagt niður skal munum þess og eignum ráðstafað í samráði við Þjóðminjasafn Íslands og ráðuneyti mennta- og menningarmála í samræmi við ákvæði gildandi safnalaga.

11. gr.

Stofnskrá þessi er gerð samkvæmt ákvæðum safnalaga nr. 141/2011 og verður ekki breytt nema með samþykki allra eignaraðila og skal leitað staðfestingar safnaráðs á þeim breytingum þannig að þær öðlist gildi.